

# FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 321

Dagsetning: 24. mars 2026

Fundartími: 08:15 – 09:28

Fundarstaður: Orkugarður - Fundarsalur 2. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Eyþór Björnsson

## Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður  
Geir Kristinn Aðalsteinsson  
Hilda Jana Gísladóttir  
Sóley Björk Stefánsdóttir  
Þórhallur Jónsson  
Próstur Friðfinnsson, áheyrnafulltrúi.

## Fjarverandi

## Starfsfólk

Eyþór Björnsson, forstjóri  
Erla Friðbjörnsdóttir, lögfræðingur  
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

## Gestir

Þorsteinn G. Þorsteinsson

## Dagskrá fundar

- Ársreikningur Norðurorku hf. 2025
- Samþykktir Norðurorku hf.
- Samþykktir Fallorku ehf.

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

### 1. Ársreikningur Norðurorku hf. 2025

Lagður var fram endurskoðaður ársreikningur Norðurorku hf. fyrir rekstrarárið 2025. Ársreikningur Norðurorku er samstæðureikningur með dótturfélaginu Fallorku ehf. Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi fór yfir ársreikninginn og skýrði hann. Einnig fór hann yfir endurskoðunarskýrslu. Áritun endurskoðanda á ársreikninginn er án fyrirvara. Fjármálastjóri fór yfir samanburð á niðurstöðu ársreiknings og áætlunar.

**Stjórn samþykkir ársreikninginn með áritun sinni og samþykkir að leggja hann fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður 20. apríl 2026.**

## **2. Samþykktir Norðurorku hf.**

Stjórnarformaður greindi frá stöðu málsins sem er til umræðu í bæjarráði Akureyrarbæjar. Gert er ráð fyrir að umræðum um málið ljúki í þessari viku og að hægt verði að leggja endurskoðaðar samþykktir fram til samþykktar á aðalfundi 2026.

***Til upplýsingar.***

## **3. Samþykktir Fallorku ehf.**

Lögfræðingur Norðurorku hf. kynnti drög að uppfærðum samþykktum Fallorku ehf. sem unnin hafa verið í samstarfi við stjórnarformann og framkvæmdastjóra Fallorku. Lagt er upp með að gera lágmarksbreytingar að þessu sinni og endurskoða samþykktirnar að nýju síðar í samræmi við endurskoðaðar samþykktir Norðurorku hf.

***Stjórn Norðurorku hf. samþykkir þær tillögur sem lagðar eru til á samþykktum Fallorku ehf.***

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:28